



1182. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. janúar 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1181. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1181. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Staðan á kjaraviðræðum

Ragnar Þór sagði að nóg væri að gerast í kjaraviðræðum.

Stíft hefur verið fundað í húsnæðishópi og mikil greiningarvinna verið gerð. Niðurstaða þeirrar vinnu er m.a. sú að ekki er eins mikil uppsöfnuð þörf eins og áður var haldið en talið var að þörfin væri um 2000 – 2200 íbúðir á ári en staðreyndin er sú að verið er að byggja mun meira en áætlað var og því er nú talið að uppsöfnuð þörf sé fremur á bilinu 1500 – 1800 íbúðir.

Samt sem áður er þörf fyrir okkar tillögur t.d. um fjármögnun á húsnæðisfélaginu Blæ ofl. Að átakið verði raunverulegt þjóðaráttak. Þurfum að skila af okkur á næstu dögum. Tilfærslan á iðgjaldi í lífeyrissjóð er umdeild eins og aðrar leiðir sem nefndar hafa verið. Þetta þarf þó að ákveða og þá kannski með almennri kosningu meðal félagsmanna hvaða leið skuli valin.

Dóra og Sigríður Lovísa mættu hér til fundar kl. 17:45

Fundað var í kjaradeilunni með ríkissáttasemjara í morgun. Farið var yfir þau samskipti sem verið hafa við SA og að við hefðum hafnað tillögum þeirra er snúa að vinnutíma. Við höfum verið að þrýsta á SA um að gefa upp hvað sé til skiptanna og þeir verða að koma með það næsta miðvikudag.

Skatta- og lífeyrisnefnd ASÍ hefur einnig verið að störfum og þar er ekki alveg samstaða enn um tillögur en tillaga Eflingar nær yfir mjög breiðan hóp launþega. Ákveðið hefur verið að hittast einu sinni til viðbótar og ná þar niðurstöðu sem yrði kynnt stjórnvöldum. Það yrði með viðræðuhópi sem er ekki jafn fjölmennur og núverandi hópur.



Annars er ríkisstjórnin farin að taka okkur meira alvarlega og er að boða ýmsa fundi.

Félagið í Grindavík er svo að koma inn í viðræðuhóp okkar.

Stefán tók til máls og sagði að áfram sé unnið í undirnefndum og gangi vinnan vel. Haldnir hafa verið 5 – 6 fundir og rætt um praktísk atriði sem ekki snúa að kostnaði. Textar eru að verða tilbúnir en þetta séu ekki stórvægilegar breytingar.

Umræður.

3. Málsókn með Gráa hernum vegna skerðinga á ellilífeyrisgreiðslum

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Minnisblað um dómsmál vegna skerðingar á ellilífeyrisgreiðslum*“ dags. 7. janúar 2019. Þetta er minnisblað frá Málflutningsstofu Reykjavíkur í tengslum við ákvörðun stjórnar frá síðasta fundi um stuðning við verkefnið. Það er í raun stuðningur við okkar eldri félagsmenn og hefur Ragnar Þór hvatt önnur stéttarfélög til þátttöku með okkur í þeim stuðningi enda er þetta eins og hvert annað kjaramál og snýr þannig að okkur. Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður fer með málið.

Stefán skýrði frá því að málið snúist um þá sem hafi greitt frá 1969 í lífeyrissjóði þegar lagt var af stað með það að sá sparnaður átti að vera viðbót við það sem allir fá í greiðslur frá ríkinu. Síðan var því breytt og til komu þær skerðingar sem við þekkjum í dag. Afleiðingin er sú að fyrir suma breytir það engu hvort þeir hafi alla starfsævina greitt í lífeyrissjóð og hefðu því kannski flestir kosið að standa utan sjóða og nota fé sitt í annað.

Stefán fór nú lauslega yfir þau lögfræðilegu rök sem Daníel Isebarn setti fram í minnisblaðinu. Það sé ljóst að það verður að stilla þessu upp sem prófmáli sem skráð er á einstkling sem kæmi með okkur í þetta. Vandinn er sá að dómstólar hafa verið ragir við mál sem varða svo mikla hagsmuni. Því eru ekki miklar líkur á að málið vinnist en þó er aldrei að vita. Reiknað er með 200 klst. vinnu og áætluðum kostnaði kringum 3 - 4 milljónir króna.

Ragnar Þór sagði að nauðsynlegt væri að fara í þetta mál til að fá úr þessu réttlætismáli skorið. Leggur hann til að VR greiði eina milljón kr. í þetta sem stuðning við málið.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til atkvæða þá tillögu sína að VR taki þátt í þessu með því að greiða 1 milljón kr. til stuðnings.

Samþykkt samhljóða.

4. Breytingar á reglugerð og starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Stefán lagði fram skjölin „*Drög að breytingum á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR fyrir aðalfund VR 2019*“ dags. 11. nóvember 2018 og „*Drög að breytingum á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR sem taka gildi að loknum aðalfundi VR 2019*“ dags. nóvember 2018. Fór hann yfir efni þeirra.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að þetta mál hafi áður verið rætt í stjórn og ákveðið hafi verið að stytta hámarks bótatímabil úr 9 mánuðum í 7 mánuði. Vegna þessa þarf að breyta reglugerð sjóðsins og það verði ekki gert nema á aðalfundi félagsins. Þegar aðalfundur hefur samþykkt breytingarnar getum við svo breytt starfsreglum til samræmis.

Eftirfarandi eru þær breytingar sem um ræðir á 10. gr. reglugerðarinnar – Breytingar eru í **rauðu** lettri:

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði skal meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagsmaður fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar (**fyrstu 270 dagana**) skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félagsmann í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, **í allt að 270 daga** og vegna langvarandi veikinda maka **í allt að 3 mánuði**. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagsmaður rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal það tilgreint í Starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarféлага ASÍ.

Hvert samfellt greiðslutímabil er 270 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt **þann greiðslurétt** öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

Þá næst fór Stefán yfir þær breytingar sem yrði svo í framhaldinu að gera á 2. gr. starfsreglna sjóðsins en þær eru eftirfarandi með breytingum í **rauðu** lettri:

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

2.2 Hvert samfelld greiðslutímabil er **210** dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

2.5 Framkvæmdastjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga ef sjóðfélagi getur ekki, vegna sjúkdóms eða slyss, stundað fulla vinnu. Hver dagur sem greitt er fyrir hlutabætur reiknast þó sem heill dagur af þeim **210** sem félagsmaður á rétt til hverju sinni (sbr. gr. 2.2).

2.7 Sjúkradagpeningar greiðast til foreldra í allt að **210** daga vegna veikinda barna, yngri en 18 ára, enda missi félagsmaður launatekjur vegna þeirra. Greiða skal dagpeninga eftir að veikindarétti lýkur skv. kjarasamningi.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis þær breytingartillögur á reglugerð og starfsreglum Sjúkrasjóðs VR sem hér voru kynntar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en einn sat hjá.

Fundi var slitið kl. 20:40
Árni Leósson, fundarritari